



Viðræður við fulltrúa Sambandslýðveldisins
Þýskalands um réttindi þýzkra togara við Ísland, í
Bonn júní og júlí 1961

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dóms- Heilbrigðis- og – Iðnaðarmálaráðherra – Landhelgisdeilan –
Þýskaland – Sendiráð Íslands í Bonn – H.R. Hirschfeld – Dr. Paul Raab – Untanríkisráðuneytið

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmalamaðurinn

Askja 2-25, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Algert trúnaðarmál.

Skýrsla
um viðræður við fulltrúa Sambandslýðveldisins
Þýskalands um réttindi þýskra togara til veiða
við Ísland, í Bonn í júní - júlí 1961.

Viðræðurnar hófust mánudaginn 19. júní kl. 11 f.h. og fóru fram í utanríkisráðuneytinu í Bonn. Af Íslands hálfu tóku þátt í viðræðunum Pétur Thorsteinsson, ambassador, Hans G. Andersen, ambassador og Davíð Ólafsson, fiskimálastjóri, en af hálfu Sambandslýðveldisins Ministerialdirigent Dr. Paul Raab, Prof. Dr. Meyer-Lindenberg og Frl. von Hagens frá lagadeild utanríkisráðuneytisins og Ministerialdirigent Dr. G. Meseck og Regierungsassessor Mücklinghoff frá matvælaráðuneytinu.

Ljóst var, áður en viðræður þessar hófust, að Þjóðverjar mundu fara fram á, að við þá yrði gert samkonar samkomulag og gert hefði verið við Breta með nótuskiptum 11. mars s.l.

Af Íslands hálfu var því talið rétt að haga viðræðunum þannig, að gera Þjóðverjum ljóst hvílikir erfiðleikar væru á því fyrir íslensku ríkisstjórnina að gera slíkan samning, eftir þá miklu baráttu, sem það hefði kostað að koma samningum við Breta í gegn. Fyrsti fundurinn fór í umræður á þessum grundvelli. Var þá tekið fram af okkar hálfu, að eins og oft hefði komið fram hefði íslenska ríkisstjórnin helst kosið, að Þjóðverjar mundu ekki feta í fótspor Breta með samningsgerð. Af þessu hins vegar væri óafturkallanleg ákvörðun að fara fram á samning, en það vildum við biðja þá að athuga enn einu sinni, og var í því sambandi vísað til viðtals Péturs Thorsteinssonar við Dr. Adenauer fyrir skömmu, þá væru nokkur atriði, sem við teldum sákilegt að breyta frá því, sem er í samkomulaginu við Breta. Auk þeirra erfiðleika, sem við bentum á fyrir íslensku ríkisstjórnina að gera nú samkomulag eins og við Breta gátum við einnig sýnt fram á, að raunhæft gagn fyrir þýsku togarana af því að fá sömu réttindi og Bretar væri ekki mikið.

Þjóðverjar viðurkenndu þetta hvort tveggja en bentu hins vegar á, að fyrir þeirra stjórnarvöld væri ekki síður um stjórnmálalega erfiðleika að ræða, ef enginn samningur yrði gerður og

enda þótt beinn hagur fyrir þýska togaraútgærd af því að fá sömu réttindi og Bretar, væri ekki mikill, teldi þýska togaraútgærdin það óberilegt að vera sett skör lagra, hvað réttindi til fiskveiða við Ísland snerti, en brezk togaraútgærd. Þau rök voru einnig færð fram af hálfu Þjóðverja, að ef fallið yrði frá samningum við Íslendinga væri það fordæmi í samningaviðræðum við Norðmenn, sem enn er ekki lokið og einnig í vantanlegum viðræðum við Dani og Kanadamenn. Hefðu þeir athugað allt þetta mál mjög gaungmfilega, einnig eftir fyrrgreint viðtal við Dr. Adenauer, og komist að þeirri niðurstöðu, að engin leið væri fyrir þá að komast hjá því að fara fram á samskonar samning og Bretar hefðu fengið.

Í lok þessa fyrsta fundar skýrðum við Þjóðverjum frá, að við mundum daginn eftir afhenda þeim minnisblað með nokkrum atriðum, sem við teldum sækilegt að breyta í samkomulaginu við Breta og auk þess nokkrum öðrum atriðum, sem við teldum máli skipta.

Hugmynd okkar var sú, að setja fram nokkur atriði, sem raunar mátti telja fyrirfram, að Þjóðverjar hvorki gætu né vildu samþykkja, en stefna að því að fá frá þeim að lokum sem ákveðnust loforð um stuðning á efnahagsviðinu. Minnisblað það, sem Þjóðverjum var afhent 20. júní, og hér með fylgir (feskj. 1), verður því að skoða í þessu ljósi.

Þæði 20, og 21. júní fóru fram óformlegar viðræður í samkvæmum, en Þjóðverjar töldu sig ekki reiðubúna til framhaldsviðræðna fyrr en þeir hefðu haft tækifæri til að ráðfæra sig við yfirmenn sína. Hin 22. júní voru þeir svo tilbúnir og var fundur þá haldinn á sama stað og áður kl. 11³⁰. Hélt formaður þeirra þá langa ræðu, þar sem hann skýrði frá, að rétt stjórnarvöld hefðu enn einu sinni fjallað um allt málið en aftur komist að þeirri niðurstöðu, að engin leið væri fyrir Þjóðverja önnur en að fara fram á samskonar samning og Bretar hefðu fengið.

Fór hann svo yfir einstök atriði í minnisblaði okkar. Aðeins 2. atriðið, varðandi gildistímann, taldi hann þá geta fallist á, enda fyndist þeim ekki nema eðlilegt, að við legðum á það áherslu, að réttindi þýskra togara væru ekki fram yfir þann tíma, sem samningurinn við Breta gerir ráð fyrir, að því er brezka togara snertir. Þjóðverjar kváðust þó fallast á þetta í þeirri góðu trú, að ekki yrði dráttur á að koma samningum á og í framkvæmd. Fyrra atriðinu, um grunnlínurnar og þriðja atriðinu um málsskot til Alþjóðadómstólsins, sagði hann, að þeir

yrðu að hafna. Urðu einkum allmiklar umræður um síðara atriðið, sem við lögðum áherslu á að fá þá til að samþykka, en engu varð þar um þoksó. Kom þar fram, eins og raunar í mörgum fleiri tilfellum, að þeir lögðu á það megináherslu, að breyta ekki út af því, sem Bretar höfðu fengið.

Var þá komið að fjórða atriðinu, efnahagsmálunum. Voru þeir þá ekki reiðubúðir til að ræða það atriði á þessum fundi nema lauslega, en kváðust mundu taka saman minnisblað um það og afhenda okkur um miðja næstu viku. Töldum við, að við mættum skilja á því, sem formaðurinn sagði, að þeir mundu taka á því máli með miklum velvilja því þeim væri vel ljóst hversu mikla áherslu við legðum á það atriði.

Hinn 23. júní kl. 4³⁰ var svo haldinn fundur enn og lögðu þeir þá fram uppkast að samkomulagi. Var það samdagurs sent utanríkisráðherra ásamt stuttri greinargerð.

Varð nú hlé á viðræðunum, lengur en við hefðum búist við. Voru nú þjóðverjar ekki tilbúðir fyrr en 30. júní. Í millitíðinni hafði það hins vegar gerst, að formaður þeirra hafði veikt og kom því nýr maður í hans stað, von hæften, sem er nýlega tekinn við forstöðu lagadeildar utanríkisráðuneytisins.

Þessi formanneskipti voru tvímælalaust til hins verra, eins og kom í ljós síðar, að því er snerti efnahagsmálin.

Með skeyti utanríkisráðuneytisins. dags. 29. júní var óskað nokkurra breytinga á fyrsta uppkastinu og á fundinum 30. júní voru þau atriði rædd. Varð þar samkomulag um orðalagsbreytingu á fyrstu greininni, sem gerir þá grein algerlega samhljóða því, sem segir í samkomulaginu við Breta. Hins vegar voru þjóðverjar ófánlegir til að fella niður ákvaðið um Berlin. Skýrðu þeir svo frá, að smekonar ákvaði væri í öllum milliríkjasamningum, sem Sambandalyðveldið hefði gert. Er þetta gert í því skyni að staðfesta það, að Berlin sé "Land" innan Sambandalyðveldisins þótt borgin sé enn undir herstjórn fjórvelðanna. Ef herstjórnin ekki mótmælir slíkum samningum vegna Berlínar innan þriggja mánaða þá taka þeir gildi.

Varðandi hugsanlega nauðsyn þess, að leggja samkomulagið fyrir Alþingi í haust skýrðum við frá, að það mál yrði athugað nánar, en ekkert ákvaði um það yrði í samkomulaginu. Þá var sett inn ákvaði um, að samkomulagið taki gildi strax, en í svernótu af Islands hálfu yrði tilkynnt, að við séjum um að skrásetja samkomulagið hjá aðelritara S.P., en með því, að Sambandalyðveldið er ekki meðlimur S.P. getur stjórn þess ekki séð um skrásetna-

ingu. Skýrðu Þjóðverjar þó frá, að verið væri að reyna að finna fyrirkomulag, sem gerði þeim mögulegt að skrásetja samninga hjá S.P., en það máli væri enn á athugunarstigi. Við höfðum alltaf þann fyrirvara á, að samþykki Alþingis yrði talið nauðsynlegt.

Þá voru gerðar orðalagsbreytingar á niðurlagi uppkastsins til samræmis við orðalag í samkomulaginu við Breta. Var skýrt frá þessum atriðum í skeyti til utanríkisráðuneytisins samdögurs og nokkru nánar í bréfi til utanríkisráðherra daginn eftir, en þá hafði verið haldin enn einn fundur.

Þegar farið hafði verið yfir breytingar þær á uppkastinu sem að ofan getur, var farið að ræða efnahagsmálin. Minntum við Þjóðverja á, að okkur hefði verið lofað minnisblaði og vildum nú gjarna fara að sjá það. Kom þá í ljós, að mikil tregða var hjá hinum nýja formanni að láta okkur fá nokkurt slíkt minnisblað og skýrði hann frá, að málið hefði verið rétt við viðskiptamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið og í nefnd þeirri, sem fjallar um efnahagsaðstoð og árangurinn af þeim viðræðum orðið að, að erfitt væri að gefa nokkur loforð um efnahagsaðstoð nema fyrir lægi nákvæmar upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir. Létum við í ljós mikil vonbrigði út af þessari breytingu á afstöðu Þjóðverja, þar sem við höfðum talið óruget af fyrri viðræðum, að við fengjum eitthvað í hendur, sem væri okkur einhverja virði. Urðu þetta allangar umræður, en formaðurinn var hinn þverasti og sagðist engu mega lofa. Þegar hér var komið óskuðum við eftir fundi strax daginn eftir, laugardag, og myndum við þá leggja fyrir þá uppkastið að minnisblaði, sem við mundum óska eftir að fá frá þeim. Virtist mta að verða nokkur fyrirstaða á að fá þennan fund, en að lokum var hann samt ákveðinn kl. 12 á háð.

Lögðum við þá fram uppkastið, sem hér fylgir með á fylgiskjali 2. Atriði 3-5 höfðum við áður fengið frá Dr. Meseck. Þar sem talað er um breyttar forsendur í lok 3. atriðis er eingöngu átt við þann möguleika, að greiðsluþjófnaðarvandráði kynnu að koma upp, en slíkt er ekki líklegt einsog er. Varðandi 5. atriðið er það að segja, að Þýskaland hefir þegar, samkvæmt ákveðnum samningsins um Sameiginlega markaðinn, sótt um tollkvóta fyrir fisk og fiskafurðir, þannig að innflutningur þessara afurða frá löndum utan samtakanna geti haldið áfram á sama hátt og áður. Er hér um heildakvóta að ræða.

Atriði 1 og 2 voru samin af okkur í ljósi þeirra umræðna, sem fram höfðu farið á fyrstu fundunum og eftir því,

sem við töldum hugsanlegt á grundvelli þeirra viðræðna, að Þjóðverjar mundu reiðubúnir að samþykka. Síðara atriðið töldu þeir tæplega mundi vera erfitt, en fyrsta atriðið stóð mjög í formanninum. Nú kom það hins vegar greinilega í ljós, sem við vissum reyndar áður, að ósamkomulag var innan þýsku nefndarinnar um þetta atriði. Var augljóst, að fulltrúi matvalaráðuneytisins, Dr. Weseck, vildi fallast á þetta og jafnvel Dr. Meyer-Lindenberg einnig, enda var þeim báðum ljóst, að miðað við það, sem fyrrverandi formaður hafði sagt að þeim áheyrandi, bæði á fundum og utan funda í samkvæmum, voru þeir búnir að lofa yfirlýsingu í þá átt, sem hér var sett fram. Urðu um þetta miklar umræður, þar sem við m.a. skýrðum fyrir Þjóðverjum nauðeyninná á eflingu íslensks atvinnulífs og þeim undirbúningi, sem nú fer fram á því sviði með framkvæmdáætlun ríkisstjórnarinnar, sem væri fyrsta alvarlega tilraunin, sem gerð væri í þá átt á Íslandi. Var einnig komið inn á viðskiptin við jafnkeypislöndin og sýnt fram á nauðeyn þess að efla sem mest sambandið milli Íslands og bandalagsríkja þess innan NATO. Var yfirleitt allt það fært fram af okkar hálfu, sem mætti verða til að yfirvinna tregðu formannsins. Að lokum lofaði hann að málið skyldi athugað enn betur, en það mundi sennilega taka nokkra daga.

Uppkastið að minnisbleðinu var sent með bréfi til utanríkisráðherra samdagurs, ásamt hinu breytta uppkastisamkomulagins.

Búist hafði verið við, að næsti fundur yrði haldinn eigi síðar en 5. júlí, en Þjóðverjar voru þá enn ekki tilbúnir og höfðum við spurn af því, að miklar umræður hefðu orðið um óskir okkar í nefnd þeirri, sem fjallar um efnahagsaðstoð, en í henni eiga m.a. sæti fulltrúar frá ýmsum ráðuneytum.

Lokafundur okkar með Þjóðverjum var svo haldinn í dag kl. 11 f.h. Lögðu Þjóðverjar þá fram nýtt uppkast að minnisblaðinu með smávægilegum breytingum frá uppkasti okkar en við töldum þar breytingar engu skipta efnislega og féllumst á minnisblaðið eins og það fylgir hér með á fylgiskjali 3. Tókum við mjög skýrt fram, samkvæmt fyrirmalum í skeyti ráðuneytisins frá 4. júlí, að ekki væri ætlað til að þetta minnisblað yrði nokkurn tíma biðt og var ljóst, að Þjóðverjum líkaði þetta vel. Verður sendiherra afhent minnisblaðið við tækifæri síðar. Þá lögðum við fram uppkast að bréfi varðandi samþykkt Alþingis, eins og mál hafði verið fyrir í skeyti ráðuneytisins og féllust Þjóðverjar á, að slík bréfaaskipti færu fram um leið og nótuaskiptin, og fylgir hér með uppkast að því. Að lokum var svo gengið frá uppköstum að orðsendingum með það fyrir augum að afhending færi fram í Reykjavík, en Þjóðverjar féllust á, að svo yrði. Fylgja uppköst þessi hér með.

Rétt er að geta þess, að auk þeirra mála, sem getið hefir verið, voru rædd tvö mál önnur. Var það í fyrsta lagi tilmæli um, að Loftleiðir fengju leyfi til að fljúga yfir Amsterdam til Hamborgar, til viðbótar við lendingarleyfi það, sem nú eru. Mál þetta hefir áður verið rætt við stjórnarvöld í Bonn, án árangurs og það kom greinilega fram enn, að mikil tregða er af hálfu Þjóðverja að fallast á þetta. Verður því að halda áfram að vinna að málinu við stjórnarvöld í Bonn. Í öðru lagi var rætt um tolla á íslenskum fiski, lengingu tollfrjálsa tímabilsins á ísýrðum fiski o.fl. í því sambandi. Töldu Þjóðverjar tollaákvæðin svo bundin af EEC samningunum, að þeir getu þar engu um þokað, en eins og fram kemur í 5. lið minnisblaðsins og áður getur, hafa þeir gert þar ráðetafir, sem tiltakilegar eru innan EEC til þess að fiskflutningur verði ekki torveldaður.

Dagana 24. og 25. júní voru Pétur Thorateinsson og Davíð Ólafsson viðstaddir hátíðshöld í Bremerhafen í boði matvælaráðuneytisins í tilefni af "Tag des deutschen Hoch-

seefischerreis", en jafnframt voru þessi hátíðahöld í til-
efni af því, að 75 ár voru liðin frá því þjóðverjar hófu
úthafsveiðar á togurum.

Gafat þar tækifæri til að ræða stuttlega við mat-
valaráðherrann Schwarz um þau vandamál, sem voru samfara
viðræðunum og enn fremur að ræða við ýmsa af helztu forystu-
mönnum þýskrar útgerðar.

Með því að ákveðið hafði verið, að Hans C. Andersen
skyldi afhenda konungi Belgíu embattisskjalrfski sín hinn
27. júní, fór hann til Parísar hinn 24. júní og þaðan til
Brüssel, en kom aftur til Bonn 2. júlí. Vegna snna í París
varð hann að fara þangað aftur 3. júlí.

Bad Godesberg, 6. júlí, 1961.

Zyngiskjal no. 1.Aide - Memoire

The Icelandic Delegation already has explained the difficulties with which the Icelandic Government would be faced if the rights already established for British trawlers in Icelandic waters were to be extended to German trawlers. It was then said that, on the one hand, we were more or less forced into making concessions to the British and that, on the other hand, it would be a foregone conclusion that other nations would make similar demands, as indeed they have already done.

The Icelandic Delegation would submit, in view of the difficulties involved, that the future settlement of this question as far as German trawlers are concerned, should be based on a realistic endeavour which would take into account the interests of our two countries. On this basis and realizing the good-will which the Federal Government has shown in this matter the Icelandic Government is now prepared to grant a period of adjustment to German trawlers in Icelandic waters, but in that connection the following points should be kept in mind :

1) Base-lines. It is quite clear that the U.K. Government, from their point of view, made certain concessions in this field. The British negotiators realized that this was a relatively easy matter for the U.K. Government because the Geneva Conference on the Law of the Sea adopted a rather vague formula in this respect. We know that German trawlers, generally speaking, fish farther off shore than the British do and, therefore, it might be possible for us to agree on other base-lines which would not unduly harm the interests of German trawlers. What we have in mind in this connection would be a further straightening out of the base-lines for instance along the south coast.

2) The duration of the adjustment period. The period of adjustment would come to an end at the time provided for in the Anglo-Icelandic Agreement.

3) Reference to the International Court of Justice. It is only fair to say that it should be necessary for the Federal Republic to insist on this point for the obvious reason that if Iceland were to extend the limits beyond 12 miles the U.K. Government certainly would refer that matter to the Court,

frh. fskj.no. 1.

on its own initiative.

4) Economic problems. It is a matter of great concern to the Icelandic Government that the present groupings of the countries of Western Europe into the Common Market and EFTA will make Icelandic Exports of fish products to Europe increasingly difficult. In this connection we would mention especially the outer tariff of the Common Market which is due to be introduced shortly and will greatly affect the Icelandic trade with the countries of the Common Market.

It would be of great interest to us to know to what extent the Federal Republic would be prepared to take our interests in this field into account.

The Icelandic Government is now implementing a program of stabilization in close cooperation with the OEEC and the IMF. In this connection the Icelandic Government is preparing plans for the diversification and straightening of the Icelandic economy. This, in our opinion, would provide a fertile field for close cooperation between our two countries which we indeed look forward to and hope for.

Bad Godesberg , June 20th 1961.

Fylgiskjal no. 2.

Memorandum.

- 1) In Verbindung mit Plänen für die Entwicklung und Verbreiterung der Grundlage der isländischen Volkswirtschaft ist die Bundesregierung bereit eventuelle Wünsche der isländischen Regierung für technische und wirtschaftliche Hilfe wohlwollend zu prüfen. Betreffend zwei Projekte auf den Gebieten der Elektrifizierung und der des Ausbaus von Wasser- und Thermalkraftanlagen, die schon mit den zuständigen Stellen der Bundesregierung besprochen wurden und für die ihr die isländische Regierung Unterlagen unterbreiten wird, ist die Bundesregierung bereit die Finanzierung wohlwollend zu prüfen und gegebenenfalls zu diesem Zweck Experten nach Island zu entsenden.
 - 2) Betreffend eventuelle Verbindung Islands mit der EWG ist die Bundesregierung bereit der isländischen Regierung Rat und Beistand zu leisten.
 - 3) Es ist nicht damit zu rechnen, dass der gegenwärtige Umfang der Liberalisierung des Warenverkehrs mit Fischen und Fischwaren in der Bundesrepublik eingeschränkt wird, es sei denn, dass sich die Voraussetzungen für die Liberalisierung wesentlich ändern.
 - 4) Die Bundesregierung wird sich auch Hinsichtlich der künftigen Direktanlandungen isländischer Fischdampfer in Deutschen Häfen wohlwollend verhalten. Sie hat jedoch die Bitte, dass von isländischer Seite die Marktempfehlungen der deutschen Marktbeschickungskommission befolgt werden, damit unerwünschte Preiseinbrüche vermieden werden.
 - 5) Die Bundesregierung hat bereits bei der Kommission der EWG die nach dem EWG-Vertrag möglichen Schritte unternommen, um eine befriedigende Beschickung des deutschen Marktes aus Drittländern für Fische und Fischwaren sicherzustellen.
-

Reykjavík, júlí 1961.

Háttvirtí sendiherra,

Í sambandi við samkomulag milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Sambandslýðveldisins Þýskalands, sem gert hefir verið í dag og tekur þegar gildi, leyfi ég mér að skýra yður frá því, að samkomulag þetta verður lagt fyrir Alþingi til samþykkis, ef slíkt skyldi reynast nauðsynlegt að athugun lokinni. Ríkisstjórn mín mun fyrir októberlok 1961 skýra Sambandsstjórninni frá niðurstöðu þessarar athugunar.

Ég fer þess á leit, háttvirtí sendiherra, að þér tilkynnið mér, að þér séuð samþykkur efni bréfs þessa.

Ég leyfi mér að votta yður, háttvirtí sendiherra, sérstaka virðingu mína.

Hr. sendiherra H.R. Hirschfeld,
sendiráð Sambandslýðveldisins Þýskalands,
Reykjavík.

Reykjavík, júlí 1961.

Háttvirtí sendiherra,

Ég leyfi mér að vísa til viðræðna, sem nýlega hafa farið fram í Bonn. Með tilliti til þessara viðræðna er ríkisstjórn Íslands reiðubúin að gera eftirfarandi samkomulag við ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands:

1. Ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands fellur frá mótmælum sínum gegn tólf mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, sem mæld er frá grunnlínunum samkvæmt 2. gr. hér á eftir, og er þá eingöngu átt við fiskveiðilögsögu.
2. Grunnlínur þær, sem miðað er við í 1. gr., verða hinar sömu og ákveðnar eru í reglugerð nr. 70, 30. júní 1958 með þeim breytingum, að grunnlínur verða dregnar milli eftirfarandi punkta:
 - A. Grunnlínupunktur 1 (Horn) til grunnlínupunktur 5 (Ásbúðarrif).
 - B. Grunnlínupunktur 12 (Langanes) til grunnlínupunktur 16 (Glettinganes).
 - C. Grunnlínupunktur 51 (Geirfugladrangur) til grunnlínupunktur 42 (Skálasnagi).
 - D. Grunnlínupunktur 35 (Geirfuglasker) til grunnlínupunktur 39 (Eldeyjardrangur).Þessar breytingar taki þegar gildi.
3. Til 10. marz 1964 mun ríkisstjórn Íslands ekki hindra, að skip, sem skrásett eru í Sambandslýðveldinu Þýskalandi, stundi veiðar á svæði því milli sex og tólf mílna minan fiskveiðilögsögu, sem um getur í 1. og 2. gr., á eftirgreindum svæðum og tímum:
 - (a) Horn (grunnlínupunktur 1) - Langanes (grunnlínupunktur 12) (júní til september).
 - (b) Langanes (grunnlínupunktur 12) - Glettinganes (grunnlínupunktur 16) maí til desember).

- (c) Glettinganes (grunnlínupunktur 16) - Setusker (grunnlínupunktur 20) (janúar til apríl og júl til ágúst).
 - (d) Setusker (grunnlínupunktur 20) - Meðallandssandur I (grunnlínupunktur 30) (marz til júl).
 - (e) Meðallandssandur I (grunnlínupunktur 30) - 20° v.l. (apríl til ágúst).
 - (f) 20° v.l. - Geirfugladrangur (grunnlínupunktur 51) (marz til maí).
 - (g) Geirfugladrangur (grunnlínupunktur 51) - Bjargtangar (grunnlínupunktur 43) (marz til maí).
4. Til þess tíma, sem nefndur er í 3. gr. er þó skipum, sem skráð eru í Sambandslýðveldinu Þýzkalandi, óheimilt að stunda veiðar á svæðinu milli sex og tólf mílna innan fiskveiðilögsögunnar, sem um getur í 1. og 2. gr., á eftirgreindum svæðum:
- (a) Milli 63°37' n.br. og 64°13' n.br. (Faxaflói).
 - (b) Milli 64°40' n.br. og 64°52' n.br. (Snæfellsnes).
 - (c) Milli 65° n.br. og 65°20' n.br. (Breiðafjörður).
 - (d) Milli Bjargtanga (grunnlínupunktur 43) og Horns (grunnlínupunktur 1).
 - (e) Á svæði, sem takmarkast af línum, er dregnar eru frá suðurodda Grímseyjar til grunnlínupunkta 6 og 8.
 - (f) Milli 14°58' v.l. og 15°32' v.l. (Mýrabugt).
 - (g) Milli 16°12' v.l. og 16°46' v.l. (Ingólfarsfói).
5. Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar vð Ísland, en mun tilkynna ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkalands slíka útfærslu með sex mánaða fyrirvara, og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal hann, ef annarhvor aðili óskar, skotið til Alþjóðadómstólsins.
6. Samkomulag þetta tekur einnig til Berlínar, enda gefi ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkalands ríkisstjórn lýðveldisins Íslands ekki yfirlýsingu um hið gagnstæða innan þriggja mánaða eftir að samkomulag þetta tekur gildi.

Ef ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands lýsir sig samþykka framangreindum tillögum, leyfi ég mér að leggja til, að orðsending þessi og svar yóar við henni skoðist sem samkomulag milli ríkisstjórna okkar er gangi þegar í gildi.

Ég leyfi mér að votta yóur, háttvirtí sendiherra, sérstaka virðingu mína.

Hr. sendiherra H. R. Hirschfeld,
sendiráði ^{ins} sambandslýðveldisins Þýskalands,
Reykjavík.

Reykjavík, júlí 1961.

Háttvirtí sendiherra,

Ég leyfi mér að vísa til viðræðna, sem nýlega hafa farið fram í Bonn. Með tilliti til þessara viðræðna er ríkisstjórn Íslands reiðubúin að gera eftirfarandi samkomulag við ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkalands:

1. Ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkalands fellur frá mótmælum sínum gegn tólf mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, sem mæld er frá grunnlínunum samkvæmt 2. gr. hér á eftir, og er þá eingöngu átt við fiskveiðilögsögu.
2. Grunnlínur þær, sem miðað er við í 1. gr., verða hinar sömu og ákveðnar eru í reglugerð nr. 70, 30. júní 1958 með þeim breytingum, að grunnlínur verða dregnar milli eftirfarandi punkta:
 - A. Grunnlínupunktur 1 (Horn) til grunnlínupunktur 5 (Ásbúðarrif).
 - B. Grunnlínupunktur 12 (Langanes) til grunnlínupunktur 16 (Glettinganes).
 - C. Grunnlínupunktur 51 (Geirfugladrangur) til grunnlínupunktur 42 (Skálasnagi).
 - D. Grunnlínupunktur 35 (Geirfuglasker) til grunnlínupunktur 39 (Kldeyjardrangur).

Þessar breytingar taki þegar gildi.

3. Til 10. marz 1964 mun ríkisstjórn Íslands ekki hindra, að skip, sem skrásett eru í Sambandslýðveldinu Þýzkalandi, stundi veiðar á svæði því milli sex og tólf mílna minan fiskveiðilögsögu, sem um getur í 1. og 2. gr., á eftirgreindum svæðum og tímum:
 - (a) Horn (grunnlínupunktur 1) - Langanes (grunnlínupunktur 12) (júní til september).
 - (b) Langanes (grunnlínupunktur 12) - Glettinganes (grunnlínupunktur 16) maí til desember).

- (c) Glettinganes (grunnlíupunktur 16) - Setusker (grunnlíupunktur 20) (janúar til apríl og júl til ágúst).
 - (d) Setusker (grunnlíupunktur 20) - Meðallandssandur I (grunnlíupunktur 30) (marz til júl).
 - (e) Meðallandssandur I (grunnlíupunktur 30) - 20° v.l. (apríl til ágúst).
 - (f) 20° v.l. - Geirfugladrangur (grunnlíupunktur 51) (marz til maí).
 - (g) Geirfugladrangur (grunnlíupunktur 51) - Bjargtangar (grunnlíupunktur 43) (marz til maí).
4. Til þess tíma, sem nefndur er í 3. gr. er þó skipum, sem skráð eru í Sambandslýðveldinu Þýzkalandi, óheimilt að stunda veiðar á svæðinu milli sex og tólf mína innan fiskveiðilögsögunnar, sem um getur í 1. og 2. gr., á eftirgreindum svæðum:
- (a) Milli 63°37' n.br. og 64°13' n.br. (Faxaflóð).
 - (b) Milli 64°40' n.br. og 64°52' n.br. (Snæfellsnes).
 - (d) Milli 65° n.br. og 65°20' n.br. (Breiðafjörður).
 - (e) Milli Bjargtanga (grunnlíupunktur 43) og Horna (grunnlíupunktur 1).
 - (e) Á svæði, sem takmarkast af línum, er dregnar eru frá suðurodda Grímseyjar til grunnlíupunkta 6 og 8.
 - (f) Milli 14°58' v.l. og 15°32' v.l. (Mýrabugt).
 - (g) Milli 16°12' v.l. og 16°46' v.l. (Ingólfshöfði).
5. Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkalands slíka útfærslu með sex mánaða fyrirvara, og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal hannum, ef annarhvor aðili óskar, skotið til Alþjóðadómstólsins.
6. Samkomulag þetta tekur einnig til Berlínar, enda gefi ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkalands ríkisstjórn lýðveldisins Íslands ekki yfirlýsingu um hið gagnstæða innan þriggja mánaða eftir að samkomulag þetta tekur gildi.

Ef ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkaldns lýsir sig samþykka framangreindum tillögum, leyfi ég mér að leggja til, að orðsending þessi og svar yðar við henni skoðist sem samkomulag milli ríkisstjórna okkar er gangi þegar í gildi.

Ég leyfi mér að votta yður, háttvirtu sendiherra, sérstaka virðingu mína.

Hr. sendiherra H. R. Mirschfeld,
sendiráði^{ing},
sambandslýðveldisins Þýzkalandá,
Reykjavík.

Reykjavík, den Juli 1961.

Exzellenz,

Ich beehre mich, auf die Besprechungen Bezug zu nehmen, die kürzlich in Bonn Stattgefunden haben. Im Hinblick auf diese Besprechungen ist die Regierung der Republik Island bereit folgende Regelung mit der Regierung der Bundesrepublik Deutschland zu treffen:

- 1) Die Regierung der Bundesrepublik Deutschland erhebt künftig keine Einwendungen gegen eine Zwölf-Meilen-Fischereizone um Island, gemessen von den in Nummer 2 angegebenen Basislinien, die ausschliesslich die Abgrenzung der genannten Zone betreffen.
- 2) Die Basislinien, die zu dem in Nummer 1 erwähnten Zweck verwendet werden, sind diejenigen, die in der isländischen Verordnung Nr. 70 vom 30. Juni 1958 festgelegt sind, jedoch abgeändert durch Verwendung der zwischen folgenden Punkten gezogenen Basislinien:
 - A. Punkt 1 (Horn) bis Punkt 5 (Ásbúðarrif).
 - B. Punkt 12 (Langanes) bis Punkt 16 (Glettinganes).
 - C. Punkt 51 (Geirfugladrangur) bis Punkt 42 (Skálanagi).
 - D. Punkt 35 (Geirfuglasker) bis Punkt 39 (Eldeyjardrangur).Diese Änderungen treten sofort in Kraft.
- 3) Bis zum 10. März 1964 erhebt die Republik Island keine Einwendungen gegen das Fischen von in der Bundesrepublik Deutschland registrierten Schiffen innerhalb der Bussären

An S.E. H.R. Hirschfeld,
Botschafter der Bundesrepublik Deutschland,
R e y k j a v í k .

sechs Meilen der in den Nummern 1 und 2 erwähnten Fischereizone, und zwar innerhalb folgender Bereiche während der angegebenen Zeiträume:

- a) Horn (Punkt 1) - Langanes (Punkt 12) (Juni bis September).
 - b) Langanes (Punkt 12) - Glettinganes (Punkt 16) (Mai bis Dezember).
 - c) Glettinganes (Punkt 16) - Setusker (Punkt 20) (Januar bis April und Juli bis August).
 - d) Setusker (Punkt 20) - Medallandssandur I (Punkt 30) (März bis Juli).
 - e) Medallandssandur I (Punkt 30) - 20° westlicher Länge (April bis August).
 - f) 20° westlicher Länge - Geirfugladrangur (Punkt 51) (März bis Mai).
 - g) Geirfugladrangur (Punkt 51) - Bjargtangar (Punkt 43) (März bis Mai).
- 4) Bis zu dem in Nummer 3 genannten Zeitpunkt dürfen jedoch in der Bundesrepublik Deutschland registrierte Schiffe innerhalb der Russen sechs Meilen der in den Nummern 1 und 2 erwähnten Fischereizone in den folgenden Bereichen nicht fischen:
- a) Zwischen 63°37' nördlicher Breite und 64°13' nördlicher Breite (Faxaflói).
 - b) Zwischen 64°40' nördlicher Breite und 64°52' nördlicher Breite (Snaefellanes).
 - c) Zwischen 65° nördlicher Breite und 65°20' nördlicher Breite (Breidafjörður).
 - d) Zwischen Bjargtangar (Punkt 43) und Horn (Punkt 1).

- e) Vor der Hauptlandmasse in dem Gebiet, das begrenzt wird durch Linien vom südlichsten Punkt von Grímsey nach den Basispunkten 6 und 8.
 - f) Zwischen $14^{\circ}58'$ westlicher Länge und $15^{\circ}32'$ westlicher Länge (Mýrabugt).
 - g) Zwischen $16^{\circ}12'$ westlicher Länge und $16^{\circ}46'$ westlicher Länge (Ingólfshöfði).
- 5) Die Regierung der Republik Island wird auch künftig auf die Durchführung der Entschliessung des Althings vom 5. Mai 1959 betreffend Erweiterung der Fischereihohheit Islands hinarbeiten. Sie wird aber der Regierung der Bundesrepublik Deutschland eine derartige Erweiterung sechs Monate im voraus mitteilen; im Falle eines Streites im Zusammenhang mit einer derartigen Erweiterung wird die Angelegenheit auf Antrag einer der beiden Parteien dem Internationalen Gerichtshof vorgelegt werden.
- 6) Diese Vereinbarung gilt auch für das Land Berlin, sofern nicht die Regierung der Bundesrepublik Deutschland gegenüber der Regierung der Republik Island innerhalb von drei Monaten nach Inkrafttreten dieser Vereinbarung eine gegenteilige Erklärung abgibt.
- 7) Die Regierung der Republik Island wird diese Regelung gemäss Artikel 102 der Satzung der Vereinten Nationen bei dem Generalsekretär der Vereinten Nationen registrieren.

Falls sich die Regierung der Bundesrepublik Deutschland mit den vorstehenden Vorschlägen einverstanden erklärt, beehre ich mich vorzuschlagen, dass diese Note und die entsprechende Antwortnote Eurer Exzellenz eine Vereinbarung zwischen unseren beiden Regierungen bilden sollen, die sogleich in Kraft tritt.

Genehmigen Sie, Exzellenz, den Ausdruck meiner ausgezeichnetsten Hochachtung.